

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

2. maí 2023,
13. fundur heilbrigðisnefndar, fundargerð.

Þriðjudaginn 2. maí 2023 var haldinn 13. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF) og hófst hann kl. 16:30. Eftirtaldir aðalmenn eru boðaðir á fundinum, Linda Hrönn Þórisdóttir, Hannes Tryggvi Hafstein, Bjarni Ingimarsson, Gnýr Guðmundsson, Ingibjörg Hauksdóttir og Svanur Karl Grjetarsson. Eftirtaldir starfsmenn eru einnig boðaðir á fundinn, Hörður Þorsteinsson, Þóra Dögg Jörundsdóttir og Ríkhartur F. Friðriksson.

1 Skipulagsmál

1.1. Umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi og deiliskipulagsbreytingu í Miðdalslandi, Mosfellsbæ. Sólbakki og Heiðarhvamur.

Lagt fram erindi frá skipulaginu í Mosfellsbæ þar sem óskað er umsagnar á tillögu að nýju deiliskipulagi og breytingu á deiliskipulagi í Miðdalslandi. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir fjórar frístundalóðir í Miðdalslandi, vestan Hafravatnsvegar og um 350 m frá gatnamótum Nesjavallavegar. Stærð lands er 2,1 ha. Ráðgert er að aðkoma frá Hafravatnsvegi verði í gegnum aðliggjandi frístundalóðir. Samhliða er gerð minniháttar deiliskipulagsbreyting á landi Heiðarhvamms, til að skilgreina aðkomu að frístundalandi Sólbakka. Í aðalskipulagi Mosfellsbæjar er landið L125340 skilgreint sem frístundabyggð, F-521.

Bókun:

Vel er hugað að skipulagi varðandi rotþrær og vatnstöku á svæðinu og gerir heilbrigðisnefnd ekki athugasemdir við tillöguna.

1.2. Matsskyldufyrirspurn um landfyllingu í Straumsvík og efnistöku.

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar þar sem óskað er umsagnar á matsskyldufyrirspurn um landfyllingu í Straumsvík og efnistöku í Rauðamelsnámu skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að framkvæmdasvæðið er á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfi tjarnanna á svæðinu eru viðkvæmar fyrir raski og tjarnirnar njóta einnig verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Heilbrigðisnefnd telur að í greinagerðinni sé nægjanlega gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum. Inn af Straumsvíkinni er að finna ísaltar tjarnir, svokallaðar Straumsvíkurtjarnir. Tjarnirnar eru á náttúruminjasrá vegna einstakra lífsskilyrða. Mikilvægt er að

Skjal sótt af '0000000000' dags: 20.08.2026



farið verði í mótvægisáðgerðir til að takmarka áhrif framkvæmda á tjarnirnar og gerð verði viðbragðsáætlun sem tryggir að lífríki tjarnanna verði ekki fyrir skaða.

Hafnarsvæðið sjálft sem stendur á Kapelluhrauni nýtur sérstakrar verndar skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd, en því hefur nú þegar verið raskað þannig að áhrif landfyllingar eru óveruleg.

Vakin er athygli á að vinnsla jarðefna er starfsleyfisskyld samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.

2 Umhverfissvöktun

2.1. Umhverfissvöktun, mælingar á málmum í svifryki

Lögð fram skýrsla unnin af Hermanní Þórðarsyni fyrir Hafnarfjarðarbæ og heilbrigðiseftirlitið. Í skýrslunni eru dregnar saman niðurstöður úr rannsóknum og mælingum á málmum í svifryki sem safnað var við iðnaðarlóðir við Íshelli í Hafnarfirði síðari hluta árs 2022. Sýnatökur og mæliaðferðir nú eru hliðstæðar og þegar þungmálmur voru mældir að Norðurhelli í Hafnarfirði fyrir um fimm til sex árum. Íshella er inni í miðju iðnaðarhverfinu andstætt Norðurhelli sem er utan eða í jaðri hverfisins. Það kom því ekki á óvart að sumir málmannar, s.s. arsen, kopar, nikkell, blý og sink hafi mælst í töluvert hærri styrk á Íshelli en staðfest hefur verið áður í greiningu á Norðurhelli. Eigi að síður var styrkur þeirra almennt lágur og vel undir viðmiðunarmörkum um andrúmsloft á Íslandi þegar slík mörk eru fyrir hendi. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu stofnunarinnar; heilbrigdiseftirlit.is.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd þakkar hlutaðeigandi fyrir ofangreinda rannsókn og skýrslu. Nefndin minnir á að svæðið í kringum Íshelli og í námunda við álverið er ætlað fyrir þungaiðnað og skylda starfsemi. Samkvæmt deiliskipulagi er því búseta þar óheimil og einnig rekstur matvælafyrirtækja og önnur viðkvæm starfsemi.

2.2. Loftgæðavöktun Dalsmára og Norðurhelli

Lagt fram til kynningar skýrslur um umhverfissvöktun Dalsmára og Norðurhelli, mælingar í lofti unnar af Hermanní Þórðarsyni. Teknar eru saman niðurstöður mælinga í lofti og eru þeir mælipættir, svifryk, PM₁₀ og PM_{2,5}, nituroxíð (NO, NO₂, NO_x), brennisteinstvíoxíð (SO₂) og brennisteinsvetni (H₂S).

Breytingar frá fyrra ári voru til lækkunar á meðaltölum svifryks og brennisteinstvíoxíðs en árið 2021 mátti sjá áhrif eldgoss við Fagradalsfjall á þær breytur. Svifryk var í lægra lagi árið 2022 en brennisteinstvíoxíð í rúmu meðallagi miðað við lengri tíma. Brennisteinsvetni var með hæsta móti.

Umferð um svæðið hefur verið að aukast á árinu 2022 frá fyrri árum og kemur það fram með þeim hætti að styrkur nituroxíða jókst nokkuð frá fyrra ári, en var enga síður í tæpu meðallagi. Helstu niðurstöður fyrir Dalsmára og Norðurhelli eru þær að mælingar á árinu fóru ekki yfir umhverfismörk sem sett eru og eru allvel undir slíkum mörkum.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd þakkar samantektina og vekur athygli á að hægt er að nálgast skýrslurnar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins. Teknar hafa verið saman niðurstöður úr loftgæðastöðvum við

Stjál sótt af '0000000000' dags: 20.08.2026



Norðurhelli og Dalsmára nú í nokkur ár og er mikilvægt að nákvæmar upplýsingar liggi fyrir um þróun loftgæða á svæðinu. Á þessu ári verður tekin í notkun ný loftgæðastöð sem til að byrja með verður staðsett við Hörðuvallaskóla í Kópavogi og eins er á áætlun að koma fyrir loftgæðastöð á Álfanesi síðar á árinu.

2.3. Loftgæðamælingar á Hvaleyrarholti og niðurstöður gróðurmælinga fyrir árið 2022.

Lagðar fram skýrslur um umhverfissvöktun á vegum RioTinto fyrir árið 2022. Skýrslur unnar af Efnagreiningum, Hafrannsóknarstofnun. Jafnframt lögð fram skýrsla, mælingar í lofti, dags. mars 2023, Flúormælingar í gróðri í umhverfi Rio Tinto á Íslandi.

Umhverfissvöktun Hvaleyrarholti.

Í heild voru mælingar ársins 2022 nokkurn vegin í meðallagi. Suðvestan áttir eru óalgengar en á árinu var tíðni þeirra ráðandi um 14% tímans sem er sambærilegt fyrri árum. Ráðandi áttir eru sem fyrr, sunnan- til austanáttir og svo norðnorðaustanátt þar á eftir. Svífryk lækkaði aðeins frá síðasta ári og mældist í meðallagi. Ekki var hægt að mæla PM10 á árinu vegna bilunar. Brennisteinstvíoxíð lækkaði verulega frá síðasta ári en mældist þó lítilega yfir meðallagi undanfarinna ára. Brennisteinsvetni og flúor mældust svipuð og undanfarin ár. Nituroxíð hækkuðu í heild nokkuð frá síðasta ári en mældust þó í meðallagi.

Flúormælingar í gróðri í umhverfi Rio Tinto á Íslandi

Fjallað er um niðurstöður mælinga vegna umhverfissvöktunar í umhverfi Rio Tinto fyrir árið 2022. Mælingar eru gerðar árlega á gróðri (grasi, laufi og barri) og á vatni úr Kaldá. Í ár var sýnatöku á birkilaufum bætt við á fjórum stöðum í samræmi við uppfærða Umhverfissvöktunaráætlun. Flúorinnihald í grassýnum er hátt, á öllum svæðum, ef miðað er við tímabilið frá 1992, meðaltal er um 5 ppm í óabornu grasi. Öll gildi utan svæðis takmarkaðrar ábyrgðar eru lægri en viðmiðunargildi um þolmörk grasbíta (30 ppm, reglugerð nr.340/2001 með síðari breytingum). Magn flúors í laufsýnum árið 2022 er einnig hátt, ársmeðaltal er um 9 ppm. Styrkur flúors í öllum sýnum er undir þolmörkum lauftrjáa sem eru um 200 ppm af flúor í plöntuvef. Flúormagn í barrsýnum lækkar hinsvegar milli ára og er ársmeðaltal um 4 ppm fyrir 1. árs barr. Öll mæligildi utan svæðis takmarkaðrar ábyrgðar eru lægri en 30 ppm en barrtré eru með þolmörk við 30-100 ppm, fer eftir tegund. Hækkun á gildum í grasi og laufi er aðallega vegna septembersýna og ber dreifingu á flúorgildum ekki saman við uppsprettu frá álverinu í Straumsvík. Líkt og 2021 hefur eldgos, nú í Meradölum, sem hófst 3. ágúst verið uppspretta hluta flúors sem mældist í sýnum teknum í september.

Bókun:

Samkvæmt starfsleyfi álversins hefur nú verið bætt við veðurstöð á mælistöðina á Hvaleyrarholti og eins hefur verið komið fyrir nýrri mælistöð suðvestur af álverinu í Lónakoti. Heilbrigðisnefnd telur mikilvægt að loftgæðavöktun verði efld en frekar og fagnar því að ítarlegri upplýsingar liggi fyrir um loftgæði á þessu ári. Heilbrigðisnefnd vill þó árétta að mælingar á árinu hafa ekki farið yfir umhverfismörk sem sett eru og eru allvel undir slíkum mörkum. Þá er aukið flúormagn sem fram kemur í september sýnum rakið til eldgos sem hófst 3. ágúst sl.

3 Önnur mál

3.1 Olíumengun frá bensínstöð Costco

Lögð fram lokaeftirlitsskýrsla dags. 19. apríl 2023 til Costco Wholesale Iceland ehf. þar sem gerð er grein fyrir andmælum Costco gagnvart nokkrum þáttum skýrslunnar. Þá hefur heilbrigðiseftirlitið tekið saman þann kostnað vegna lekans, en um er að ræða kostnað við lekaleit, á bilanatímanum, kostnað við eftirlit, kostnað við umhverfisvöktun og leit að ummerkjum um olíumengun vegna lekans og aðra eftirfylgni vegna olíulekans.

Bókun.

Heilbrigðisnefnd ítrekar fyrir afstöðu sína um að mikilvægt sé að kannað verði ítarlega og fylgst með hvort einhver ummerki umhverfismengunarsé að finna vegna olíulekans.

3.2 Starfsleyfi fyrir jarðboranir í Þormóðsdal, Mosfellsbæ.

Í samræmi við bókun frá síðasta fundi nefndarinnar var gengið frá svari heilbrigðisnefndar varðandi erindi Iceland Resources ehf. um útgáfu starfsleyfis vegna jarðboranna í Þormóðsdal. Iceland Resources ehf. lögðu fram andmæli dags. 17. mars 2023 þar sem þeir óskuðu eftir að heilbrigðisnefnd endurskoðaði afstöðu sína um að hafna leyfi félagsins til jarðboranna í Þormóðsdal. Niðurstaða heilbrigðisnefndar að teknu tilliti til andmæla umsækjanda var að ekki séu forsendur til útgáfu starfsleyfis vegna jarðboranna í Þormóðsdal fyrr en fyrir liggur samþykki Mosfellsbæjar um að framkvæmdin sé ekki framkvæmdaleyfisskyld og í samræmi við samþykktir sveitarfélagsins. Þá þurfi jafnframt að liggja fyrir samþykki landeiganda um að haft hafi verið samráð um tilhögun framkvæmda. Þessi niðurstaða var kynnt umsækjanda dags. 17. apríl. 2023. Iceland Resources ehf. hefur kært þessa ákvörðun heilbrigðisnefndar með erindi dags. 25. apríl 2023 til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Bókun:

Framkvæmdastjóra falið að taka saman gögn málsins og senda rökstuðning heilbrigðisnefndar til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.



Linda Hrönn Þórisdóttir


Gnýr Guðmundsson


Bjarni Ingimarsson


Ingibjörg Hauksdóttir


Svanur Karl Grjetarsson


Hannes Tryggvi Hafstein

4 Starfsleyfi og umsagnir

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 29. mars 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.1. Einhella 2, Hafnarfjörður – hundaskóli

Lögð fram umsókn Heiðrúnar Klöru Johansen f.h. Hundaakademía ehf., kt. 530821-0560, dags. 17.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hundaskóla, námskeiðahald að Einhelli 2, Hafnarfirði. Fasteignanr. F233-0061. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 07.03.2023
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 22.03.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 23.03.2023.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.2. Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður – ísbúð

Lögð fram umsókn Amirfarhad Imani, f.h. ÍS STOFAN ehf., kt. 620422-1690, dags. 12.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir ísbúð að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Húslutanr.01 0113.
Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 27.3.2023.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 20.03.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 21.03.2023.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.3. Móhella 1c, Hafnarfjörður – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Þórarins Óla Jónssonar f.h. Hydrate ehf., kt.580122-0270, dags. 07.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Móhelli 1c, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2517931. Ný starfsemi. Dreifing með vörugeymslu. Eftirlitsskýrsla dags. 29.03.2023.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 22.03.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 23.03.2023.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

4.4. Trönuhraun 1, Hafnarfjörður – heildverslun með matvæli

Lögð fram umsókn Stefáns H. Berg Petersen f.h. Celsius dreifing ehf., kt. 410323-1090 dags. 27.03.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Trönuhrauni 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2269145,F2214962,F2214966. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 28.03.2023.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Staðfestingar á skráningarskyldum atvinnurekstri sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.



4.5. Bláfjallavegur, flugeldasýning

Lögð fram umsókn um skráningaskyldan atvinnurekstur f.h. Nordic Luxury ehf., kt.601113-1200 dags. 14.03.2023, þar sem sótt er um Flugeldasýningu við Aurora Base Camp Bláfjallavegi, Hafnarfirði. Þann 30.03.2023 frá kl. 20.55-21:00.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

4.6. Víkingastræti 2, Hafnarfjörður – niðurrif

Lögð fram umsókn um skráningaskyldan atvinnurekstur f.h. Fjörustein ehf., kt.660500-2510 dags. 15.03.2023, þar sem sótt er um niðurrif hluta mannvirkja við Víkingastræti 2, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079479. Eftirlitsskýrsla dags.27.03.2023.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest. Niðurrifstími 01.06.2023-31.08.2023.

4.7. Auðbrekka 17, Kópavogur – bifreiða- og vélaverkstæði

Lögð fram umsókn Péturs Þórs Elíassonar, um skráningaskyldan atvinnurekstur f.h. ExaltBílar ehf., kt. 520822-0380, dags. 23.03.2023, þar sem sótt er um leyfi fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Auðbrekku 17, Kópavogi. Fasteignanr.F2058764. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 16.02.2023.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

4.8. Smiðjuvegur 74, Kópavogur – málmsmiðja

Lögð fram umsókn Arnars Friðgeirssonar, um skráningaskyldan atvinnurekstur f.h. Blikkás ehf., kt. 700184-0489, dags. 20.03.2023, þar sem sótt er um leyfi fyrir málmsmiðju að Smiðjuvegi 74, Kópavogi. Fasteignanr.F2273850. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 22.03.2023.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

4.9. Smiðjuvegur 32, Kópavogur – trésmiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Salvars Guðmundssonar, um skráningaskyldan atvinnurekstur f.h. SG Gluggar og útihurðir ehf., kt. 440100-3680, dags. 26.03.2023 þar sem sótt er um leyfi fyrir trésmiðaverkstæði að Smiðjuvegi 32, Kópavogi. Fasteignanr. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 21.03.2023.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 4. apríl 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

[Handwritten signatures and initials in blue ink]

4.10. *Búðarhella 4Ó, Hafnarfjörður – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Piotr Andrzejczyk, f.h. Alko Import ehf., kt.470323-1160, dags. 24.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Búðarhelli 4Ó, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2515372. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 30.03.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 28.03.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 28.03.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

4.11. *Suðurgata 9, Hafnarfjörður – gististaður*

Lögð fram umsókn Ýrar Káradóttur f.h. Reykjavík Trading Co. kt. 700412-1480, dags. 21.03.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gististað að Suðurgötu 9, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079684. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 3.04.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

4.12. *Bjarkarholt 12, Mosfellsbær – veitingastaður*

Lögð fram umsókn Emils Helga Lárussonar, f.h. Sí hf. / Serrano, kt. 411002-2840, dags. 26.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Bjarkarholti 12, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2503316. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 03.04.23.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 29.03.2023. Jákvætt svar byggingafulltrúa 05.04.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.13. *Bjarkarholt 12, Mosfellsbær – kaffihús*

Lögð fram umsókn Guðna Samúelssonar, f.h. Kaffi Gloriu hf., kt. 670422-2400, dags. 26.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir kaffihús að Bjarkarholti 12, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2503316. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 03.04.23.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 29.03.2023. Jákvætt svar byggingafulltrúa 05.04.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.14. *áholt 13-15, Mosfellsbær – veitingaverslun*

Lögð fram umsókn Sigríðar Maríu Hilmarsdóttur, f.h. Tokyo veitingar ehf., kt. 670710-0920, dags. 08.02.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir sölubás inn í Krónunni Háholti 13-15, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2291517. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 04.04.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.15. *Æðarhöfði 36, Mosfellsbæ – vélaverkstæði*

Lögð fram umsókn Ágústs Jenssonar f.h. Golfklúbbur Mosfellsbæjar kt.650581-0329 dags. 09.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir áhaldahús golfvallar að Æðarhöfða 36, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2300048. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 04.04.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.16. Eiðistorg – naglasnyrtistofa

Lögð fram umsókn Tanyja Kolesnyk f.h. ATD ehf., kt. 541122-0440, dags. 27.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir naglasnyrtistofu í Eiðistorgi. Fasteignanr. F2067322. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 04.04.2023

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

4.17. Bjarkarholt 12, Mosfellsbær - rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.03.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kaffi Gloría ehf., kt. 670422-2400, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir kaffihús í fl. II að Bjarkarholti 12, fnr.F2503316. Eftirlitsskýrsla dags. 03.04.23.

Jákvæð umsögn með vísun til starfsleyfi dags.05.04.2023.

4.18. Háholt 2, Mosfellsbær - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 04.04.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hilmar Gunnarssonar, kt. 200582-4469 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir samkomu þann 20.04.2023 frá kl. 20:00-00:00 í Hlégerði, Háholti 2, Mosfellsbæ. Áætlaður gestafjöldi 180 manns.

Jákvæð umsögn staðfest

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 12.04. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísun til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.19. Cuxhavengata 1, Hafnarfjörður – pökkun hreinlætisvara

Lögð fram umsókn Róberts B. Jóhannessonar, f.h. Mosey ehf., kt. 550396-2629, dags. 19.01.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hreinlætisvörur, pökkun efnasambanda að Cuxhavengötu 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2305159. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 03.04.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 24.01.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 25.01.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Staðfestingar á skráningarskyldum atvinnurekstri sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.



4.20. Óseyrarbraut 6, Hafnarfjörður – trésmíðaverkstæði

Lögð fram umsókn Óskar Óskarsson f.h. Valeska ehf., kt.411009-0680, dags. 06.04.2023, þar sem sótt er um skráningu til framleiðslu á brettum og endurvinnslu á timbri að Óseyrarbraut 6, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2285975

Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.04.2023

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest

4.21. Straumsvík, Hafnarfjörður – niðurrif mannvirkja

Lögð fram umsókn Hermanns Guðmundssonar f.h. Ístak hf., kt.430214-1520, dags. 30.03.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrif og förgun á asbest klæðningu í ÍSAL Straumsvík, Hafnarfirði.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

4.22. Stórikriki 17, Mosfellsbæ – meindýraeyðir

Lögð fram umsókn Daníels M. Einarssonar f.h. Jesiceland ehf., kt.500120-0450 dags. 07.03.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir meindýraeyði að Stórakrika 17, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2294818. Eftirlitsskýrsla dags. 30.03.2023

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 19.04. 2023

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.23. Kinnargata 14, Garðabær– dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Ásu Reginsdóttur f.h. Olifa á Íslandi ehf., kt. 690518-0660, dags. 20.03.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Kinnargötu 14, Garðabæ. Fasteignanr. F2315425. Endurnýjun. Vörugeymsla og vörudreifing er frá vöruhótel. Eftirlitsskýrsla dags. 19.04.2023.

Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er samþykkt starfsleyfi.

4.24. Vesturtún 49a, Garðabær– matarvagn

Lögð fram umsókn Róberts Arons Magnússonar f.h. Matur ehf., kt. 470111-0890, dags. 24.03.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matarvagn með lögheimili að Vesturtúni 49a, Garðabæ. Fasteignanr. F2230694. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 19.04.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

[Handwritten signatures and initials in blue ink: "R", "SKH", "B.I.", and a large signature]

4.25. *Smárahvammur 3, Kópavogur – heimili fyrir fatlaða*

Lögð fram umsókn Stefáns Arnarssonar, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 17.04.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir heimili fyrir fatlaða að Smárahvammi 3, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079050. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 14.04.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

4.26. *Skálaheiði 2, Kópavogur – íþróttahús*

Lögð fram umsókn Guðmundar Tr. Ólafssonar, f.h. Skotíþróttafélags Kópavogs, kt. 490389-2969, dags. 28.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir félags- og æfingaaðstöðu að Skálaheiði 2, Íþróttahúsi Digranes, Kópavogi. Fasteignanr. F2064841. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 18.04.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.27. *Skemmuvegur 14, Kópavogur – matvælaframleiðsla*

Lögð fram umsókn Kára Péturs Ólafssonar, f.h. Reykofninn ehf., kt. 540379-0259, dags. 05.03.2023, þar sem sótt er um viðbót við starfsleyfi til frystingu á fiski að Skemmuvegi 14, Kópavogi. Fasteignanr. F2064884 og F2315137. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 18.04.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfis til 12 ára.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 26.04. 2023

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísun til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.28. *lönbúð 2, Garðabær– dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Hauks Magnússonar f.h. Ávaxtabílinn ehf., kt. 710815-0380, dags. 16.11.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að lönbúð 2, Garðabæ. Ný starfsemi. Fasteignanr. F2070949. Eftirlitsskýrsla dags. 21.02.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12.ára.

4.29. *Suðurhella 8, Hafnarfjörður– dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Birgis Más Sigurðssonar f.h. Þoran Distillery ehf., kt. 680513-0820, dags. 13.12.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Suðurhelli 8, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2306866. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 26.04.2023

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt.

Handwritten signatures and initials:


 SKN
 31


4.30. Vesturvör 36, Kópavogur – lager og vöruafgreiðsla

Lögð fram umsókn Björns Kr. Bragasonar, f.h. Freyja ehf., kt. 701280-0169, dags. 13.04.2023, þar sem sótt er um starfsleyfis fyrir matvörudreifingu að Vesturvör 36, Kópavogi. Fasteignanr. F2282498. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 25.04.2023.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

Garðatorg 1-4, Garðabæ – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 13.04.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Garðabæjar, kt. 570169-6109 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir Jazzhátíð Garðabæjar þann 19.05.2023–21.05.2023 frá kl. 12:00-00:30 haldin í göngugötu, glerskálanum Garðatorgi 1-4. Áætlaður gestafjöldi 500 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.



Linda Hrönn Þórisdóttir



Gnýr Guðmundsson




Bjarni Ingimarsson



Ingibjörg Hauksdóttir



Svanur Karl Grjetarsson



Hannes Tryggvi Hafstein